# AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 - 2016, gatnamót Vesturlandsvegar og Reynisvatnsvegar-Víkurvegar.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. júní 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 - 2016 frá 18. ágúst 1997.

Breytingin felst í því að gatnamót Vesturlandsvegar, Reynisvatnsvegar og Víkurvegar færist um 120 metra til norðausturs. Breytingin leiðir af sér nokkra hliðrun á legu umræddra gatna auk breytinga á afmörkun helgunarsvæðis gatnamótanna og aðliggjandi stofnana- og útivistarsvæðis. Tengistígur færist einnig samhliða færslu á Víkurvegi.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfisráðuneytinu, 20. júní 2001.*

F. h. r.
**Magnús Jóhannesson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

20. júní 2001 Nr. 517

# AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016, Bryggjuhverfi.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. júní 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 frá 18. ágúst 1997.

Landnotkunarbreytingin felst í því að austasta hluta athafnasvæðis í Bryggjuhverfi er breytt í íbúðasvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkurborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfisráðuneytinu 20. júní 2001.*

F. h. r.
**Magnús Jóhannesson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*